



Erindisbréf

Nafnanefnd Akureyrarbæjar

Skipan nefndar

Bæjarráð skipar þriggja manna nefnd sem hefur það verkefni að gera tillögur og veita ráðgjöf til bæjarstjórnar, bæjarráðs, skipulagsráðs og annarra ráða um nöfn á byggingum, götum, hverfum og örnefnum sem ætla má að einkenni bæjarmyndina um langan tíma. Áhersla er lögð á að skapa fallega bæjarmynd og eru nöfn hluti af bæjarmyndinni. Nafnanefnd á að taka mið af málfarssjónarmiðum, sögu Akureyrarbæjar og staðhátum.

Nefndin er skipuð sem *verkefnabundin nefnd* samkvæmt 48. gr. Samþykktar um stjórn og fundarskóp Akureyrarbæjar.

Fyrir störf í þágu nafnanefndar fá þeir sem eru skipaðir laun samkvæmt 10. gr. Reglna um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ. Ritari nefndarinnar, sem er starfsmaður bæjarins, fær ekki sérstaklega greitt fyrir að rita fundi nefndarinnar.

Kostnaður vegna launa greiðist af fjárheimildum bæjarráðs og hefur verið gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun.

Hlutverk og helstu verkefni

Nafngiftir á vegum bæjarins skulu almennt bornar undir nafnanefnd áður en þær eru staðfestar af bæjarstjórn og/eða viðkomandi fagnefnd. Í undantekningartilfellum getur bæjarstjórn og/eða viðkomandi fagnefnd ákveðið nöfn án aðkomu nafnanefndar, t.d. ef um minniháttar nafngiftir er að ræða.

Helstu verkefni nafnanefndar eru:

- Að meta eða gera tillögur til skipulagsráðs um nöfn á hverfum, götum og fleiru sem skipulagsráð hefur til meðferðar.
- Að meta, gera tillögur og veita ráðgjöf til bæjarstjórnar og fagnefnda um nöfn á byggingum og örnefnum á vegum sveitarfélagsins.
- Að meta tillögur annarra um nafngiftir, t.d. þegar efnt er til samkeppni um nöfn.
- Að fjalla um aðrar nafngiftir þegar eftir því er leitað.

Fulltrúar í nafnanefnd 2022-2026, skipaðir af bæjarráði 6. október 2022:

Brynjar Karl Óttarsson, kennari og formaður Sagnalistar
Hanna Rósa Sveinsdóttir, sagnfræðingur
Kristín Árnadóttir, fyrrverandi íslenskukennari

Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður starfar með nefndinni, er tengiliður nefndarinnar við stjórnsýsluna, ritar og skilar fundargerðum vegna nefndarlauna.

Skila þarf afriti af undirrituðum fundargerðum til forstöðumanns þjónustu og þróunar eigi síðar en 13. júní vegna greiðslu 1. virka dag í júlí og 13. desember vegna greiðslu í lok desember.

Vinna nefndarinnar hefst: október 2022

Vinnu nefndarinnar skal lokið: maí 2026

Áætlaður fjöldi funda á ári: 3

Áætlaður árlegur kostnaður vegna greiðslu nefndarlauna og launatengdra gjalda: kr. 287.053

Samþykkt í bæjarráði 6. október 2022